


Umhverfisstofnun
Áb. KG DE SG
02 FEB. 2004
<i>70</i>
Tilv. UST 20031200069

Nefndasvið Alþingis  
utanríkismálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun  
Environment and Food Agency of Iceland  
L. Suðurlandstrað 24  
IS - 108 Reykjavík, Iceland  
C. (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

30. janúar 2004  
Skjalanúmer: 110-0 *70*  
Tilvísun: U20031200069/kg

### Frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið, ný aöldarríki, 338. mál

Vísað er til erindis utanríkismálanefndar, dags. 10. desember sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið, ný aöldarríki, 338. mál.

Umhverfismál eru viðamikill þáttur málefna sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og um 40% þeirra gerða Evrópusambandsins sem undir samninginn falla tengjast beint starfsemi Umhverfisstofnunar. Vinna við lögleiðingu tilskipana og annarra tilmæla ESB, ásamt eftirfylgju þeirra mála er umtalsverður hluti starfsemi stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun telur að þær viðbætur sem nú eru áætlaðar breyti ekki í eðli sínu starfssviði samningsins eða stofnunarinnar. Hins vegar má gera ráð fyrir fjölgun mála sem koma til kasta stofnunarinnar vegna stækunar sambandsins og þar með aukins álags og kostnaðar. Auk framangreindra atriða má hér tilgreina samræmt eftirlitskerfi með efnum og efnanotkun, matvælum og matarsýkingum og bráðamengun sjávar.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki er gert ráð fyrir þeim kostnaði sem fylgir framangreindum atriðum í greinargerð fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir með frumvarpinu. Stofnunin telur að frumvarpinu muni fylgja umtalsverður kostnaðarauki í stjórnsýslunni sem verði að taka tillit til.

Virðingarfyllst,

Davíð Egilson  
forstjóri

Sigrún Ólafsdóttir  
Sigrún Ólafsdóttir  
forstöðumaður